

# Mánaðaryfirlit

---

Stefnumótunar og greiningar

Febrúar 2022



# Innihald

---

**Bls. 3. Hagvaxtaraukinn virkjast**

**Bls. 6. 6,2% verðbólga í febrúar**

**Bls. 11. Jöfnunaráhrif skattkerfisins**

**Bls. 13. Sérstök útgreiðsla  
séreignarsparnaðar jók kaupmátt í faraldri.**



# Hagvaxtaraukinn virkjast


Hagstofan hefur birt tölur um landsframleiðslu síðasta árs.

Hagvöxtur mældist 4,3% á síðasta ári eftir 7,1% samdrátt árið 2020.

Þjóðarútgjöld jukust kröftuglega, um 7,2% sem skýrðist fyrst og fremst af 7,6% vexti einkaneyslunnar og einnig af 13,6% aukningu í fjármunamyndun.

Samneysla jókst um 1,8%. Sé fjármunamyndun skoðuð nánar, má sjá að veruleg aukning var í fjárfestingu atvinnuveganna, eða 23% ásamt því fjárfesting hins opinbera jókst um 12,4%. Athygli vekur að íbúðafjárfesting dróst saman milli ára, um 4,4% en er þó töluverð í sögulegu samhengi.


## Þróun landsframleiðslu - 2008-2021



● Hagvöxtur ● Hagvöxtur á mann



## Hagvaxtarauki



Landsframleiðsla leiðrétt fyrir mannfjölda, þ.e. hagvöxtur á mann jókst um 2,5% milli ára. Að jafnaði voru landsmenn 372 þúsund talsins á síðasta ári og fjölgaði um 6500 milli ára, eða 1,8%. Það að hagvöxtur á mann hafi verið meira en 1% hefur þá þýðingu að forsendunefnd kjarasamninga mun koma saman til að ræða greiðsluhagvaxtarauka.

Í lífskjarasamningunum var samið um sérstakar viðbótarhækkningar á laun og taxa verði efnahagsþróun hagfelldari en væntingar voru um. Þar segir:

*„á árunum 2020-2023 komi til framkvæmda launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa. Útreikningur launaaukans byggir á bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframleiðslu á mann sem birtast í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár“*

Hagvaxtarauki gæti þannig skilað á bilinu 3 – 13 þúsund krónum á mánuði á taxtalaun og á bilinu 2250 – 9750 krónum á mánuði í almennar launahækkningar. Til þess að hagvaxtarauki virkjist þyrfti

hagvöxtur á mann að verða meiri en 1% og er svo stighækkandi með hverju hálfu prósentustigi upp að 3%. Vísitala Hagstofunnar um verga landsframleiðslu á mann var 99,82 árið 2020 og hækkaði um 2,53% milli ára og tók gildið 102,35 á síðasta ári.




# 6,2% verðbólga í febrúar

Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,16% í febrúar. Verðbólga mælist nú 6,2% og hækkar um 0,5 prósentur milli mánaða. Verðbólga hefur ekki mælst hærrí frá byrjun árs 2012. Um 70% af undirliðum verðbólgunnar hækkuðu milli mánaða og um tveir þriðju hafa hækkað umfram verðbólguarkmið síðustu tólf mánuði.

Verðmæling í febrúar einkennist jafnan af útsöluáhrifum sem ganga til baka ásamt því að nýjar vörur koma í sölu. Mest hækkaði verð á húsgögnum og heimilisbúnaði, eða um 7,5% (0,47% vísitölu áhrif). Kostnaður við eigið húsnæði um 1,2% (0,22%), verð á mat og drykkjarvörum hækkaði um 0,8% (0,11%) og bensín og olíur hækkuðu

## Verðbólga - 2018-2022



Verðbólga



Verðbólga án húsnæðis




um 3,6% (0,11%). Á móti lækkuðu flugfargjöld til útlanda um 9,7% (-0,14%).

## Hækkun á breiðum grunni

Sé horft framhjá áhrifum húsnæðiskostnaðar mælist verðbólga 4,2% og hækkar líkt og vísitalan um 0,5 prósentur milli mánaða. Verðbólga án húsnæðis mældist síðast yfir 4% á síðasta ári þegar hún varð hæst 4,8% á ársgrundvelli mars

2021. Tölurnar benda til þess að verðbólga sé að aukast á breiðum grunni en líkt og fram kemur að ofan hækkuðu um 70% af undirliðum vísitölunnar milli mánaða. Matur og drykkjarvara hækkaði um 0,79% milli mánaða en meðal þess sem hækkaði var lambakjöt og sælgæti. Útsöluáhrif gengu til baka sem birtist í umtalsverðum verðhækkunum á fötum og skóm og húsgögnum og heimilisbúnaði. Má þar nefna

## Verðbólga eftir uppruna




heimilistæki sem hækkuðu um 4,5-6,5% og sængurfatnað um 15,9%. Þessi áhrif birtast í umtalsverðri hækkun á innfluttum vörum í febrúar.

## Mikil áhrif húsnæðisverðs

Um þessar mundir vegur húsnæðiskostnaður þyngst í hækkun ársverðbólgunnar.

Húsnæðiskostnaður vegur í heild um þriðjung í útgjöldum heimila, þar af um 16% vegna vegna kostnaðar við eigið húsnæði og því mikill áhrifaþáttur í verðlagsþróun.

## Verðlagsþróun - 2020-2022



Kostnaður vegna eigin húsnæðis hefur hækkað um 13,2% á ársgrundvelli, sem skýrist fyrst og fremst af breytingum á eignaverði. Enn eru forsendur fyrir því að verðhækkunarir á húsnæði þrýsti á verðlag.

## Eldsneyti hækkað um 20% milli ára

Séu verðbreytingar skoðaðar á ársgrundvelli mælist mesta hækkunin á eldsneytisverði, eða um 20%.

Innlendar vörur hafa hækkað á bilinu 5,3-5,9%, innfluttar vörur um 4,1% og dagvara um 4,1%. Opinber þjónusta



hækkaði nokkuð í janúar en árshækkun mælist nú 4,8%. Önnur þjónusta hefur hækkað minna eða um 3,7%. Áfengi og tóbak hefur hækkað minna en annað verðlag, eða um 2,8% og grænmeti hefur lækkað í verði milli ára, um 1,4%.


Verðlagspróun hefur verið sveiflukennd eftir heimsfaraldur. Olíuverð lækkaði skarp eftir að Covid-19 braust út ásamt því að gengisveiking hafði töluverð áhrif á innflutt verðlag. Á síðasta ári voru hækkanir hinsvegar fremur drifnar áfram af innlendu verðlagi, þá sérstaklega húsnæðisverði ásamt því

að verðlækkun á olíuverði hóf að ganga til baka. Sé verðlagspróun skoðuð frá byrjun árs 2020 hefur vísitala neysluverðs hækkað um 10,5%. Innlendar og innfluttar vörur hafa að jafnaði þróast í takt við vísitöluna. Hins vegar hefur húsnæðiskostnaður og eldsneyti hækkað umfram annað verðlag á meðan þjónusta, bæði opinber og almenn hafa hækkað minna en almenn verðlagspróun.

## Verðbólga lægri hér en víða í Evrópu

Verðbólga hefur einnig aukist á mælikvarða samræmdrar vísitölu neysluverðs. Samkvæmt síðustu

## Verðbólga í Evrópu



mælingu var verðbólgan 4,3% hér á landi og jókst um 0,4 prósentustig milli mánaða. Samræmd vísitala neysluverðs er frábrugðin vísitölu neysluverðs að því leyti að kostnaður við eigið húsnæði er undanskilin. Síðasta mæling Eurostat er frá janúar en samræmd vísitala neysluverðs er reiknuð fyrir ríki Evrópu. Verðbólga hefur vaxið alþjóðlega og

mælist 5,6% að meðaltali innan Evrópusambandsins. Innan Evrópu skýrist aukin verðbólga fyrst og fremst í hækkun á orkuverði og áhrifum á orkukostnað heimila. Sé horft framhjá áhrifum orkuverðs mælist verðbólga öllu lægri, eða 3,1% í Evrópusambandingu. Á Íslandi er verðbólga 3,7% ef horft er framhjá orkukostnaði.



# Jöfnunaráhrif skattkerfisins almennt hærrí á Norðurlöndunum

Pví er gjarnan haldið fram að jöfnunaráhrif skattkerfisins séu óvenju mikil hér á landi. Ein leið til að leggja mat á það er að bera saman jöfnunaráhrif við aðrar þjóðir. Hefðbundinn mælikvarði á jöfnunaráhrifum skattkerfis er að bera saman tekjuójöfnuð fyrir skatt við ójöfnuð eftir skatt. Hægt er að meta ójöfnuð með margvíslegum hætti. Algengt er að notast við Gini-stuðulinn. Nýleg rannsókn um jöfnunaráhrif skatta og tilfærslna notast við samanburðarhæf gögn í mörgum OECD löndum.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að jöfnunaráhrif Íslands séu fyrir neðan meðaltal OECD ríkanna. Hér á landi leiðir skattkerfið til þess að Gini-


stuðullinn lækki um 4,5 Gini stig. Meðaltalið í OECD er 5,2. Noregur, Finnland og Svíþjóð eru með nokkuð hærrí jöfnunaráhrif. Af þessum tölum má því sjá að jöfnunaráhrif skattkerfisins eru almennt hærrí á Norðurlöndunum.

Í rannsókninni er notast við gögn frá LIS Datacenter, þar eru nýjustu gögn fyrir Ísland frá árinu 2010. Á árunum 2007-2010 jukust jöfnunaráhrif skattkerfisins töluvert. Það er bæði vegna þess að vægi fjármagnstekna minnkaði en einnig vegna aðgerða stjórnvalda. Eftir 2010 hafa jöfnunaráhrifin hins vegar lækkað jafnt og þétt. Það má því leiða líkum að því að jöfnunaráhrif hér á landi séu enn með lægra móti í alþjóðlegum samanburði.




## Jöfnunaráhrif skattkerfisins

Mismunur á Gini stuðli fyrir og eftir skatt.



## Jöfnunaráhrif skattkerfisins á Norðurlöndum

Mismunur á Gini stuðli fyrir og eftir skatt.



Heimild: Guillaud, Olckers og Zemmour



# Sérstök útgreiðsla jók kaupmátt heimila í heimsfaraldri


Ein af aðgerðum stjórnvalda eftir útbreiðslu Covid faraldursins var að heimila sérstaka útgreiðslu séreignarsparnaðar. Samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum einstaklinga námu úttektir samtals 19,4 milljörðum árið 2020. Það er um 1% af heildartekjum allra heimila. Á föstu verðlagi jukust tekjur

föstu verðlagi jukust tekjur heimilanna fyrir skatt um samtals 25,7 milljarða. Það þýðir að stærstur hluti aukningar tekna á Covid árinu mátti rekja til sérstakrar útgreiðslu séreignarsparnaðar. Um þetta var einnig fjallað í mánaðaryfirliti í júlí í fyrra. Nú liggja fyrir nánari gögn frá Skattinum sem leyfa nánari greiningu.

## Sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar

Í milljörðum króna, verðlag 2020

Hlutfall af heildartekjum




Heimild: Skatturinn, útr. ASÍ



# Útgreiðsla sérstakrar útgreiðslu séreignarsparnaðar eftir tekjutiundum, fast verðlag

Heimildir: Skatturinn og Hagstofa Íslands, útreikningar ASÍ.



Pegar horft er fram hjá sérstakri útgreiðslu þá hækkuðu heildartekjur fyrir skatt að raunvirði í flestum tekjutiundum. Hlutfallslega var hækkinin meiri hjá tekjulægri einstaklingum. Að meðaltali hækkuðu heildartekjur án útgreiðslunnar um 0,6%. Þegar sérstaka útgreiðslan er meðtalin hækkuðu heildartekjur að meðaltali um 1,5%. Áhrif sérstöku

útgreiðslu séreignarsparnaðar var hlutfallslega meiri hjá tekjuhærri einstaklingum. Sérstaka útgreiðslan hafði mest áhrif á tekjuþróun þeirra tekjuhærri. Tekjuhærri heimili tóku hlutfallslega hærri úttekt en tekjulægri heimili. Hjá þeim tekjuhæstu 30% einstaklinga má rekja tekjuhækkun nær einvörðungu til útgreiðslu hinnar sérstöku útgreiðslu.